

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 98/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2008 frá 6. júní 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 109/2008 frá 15. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar við merkingar matvæla <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/17/EB frá 19. febrúar 2008 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefati, asetamípríði, asíbensólar-S-metýli, aldríni, benalaxýli, benómýli, karbendasími, klórmekvati, klórþalóníli, klórþýrifosi, klófentesíni, sýflútríni, sýpermetríni, sýrómasíni, díeldríni, dímetóati, díþíókarbamötum, esfenvalerati, famoxadóni, fenhexamíði, fenitróþíóni, fenvalerati, glýfosati, indoxakarbi, lambda-sýha lótríni, mepanípýrími, metalaxýl-M, metíðapíóni, metoxýfenósíði, pímetrósíni, píraklóstróbíni, pírimetaníli, spíroxamíni, þíaklópríði, þíófanatmetýli og trifloxýstróbíni <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):  
„– **32008 L 0017**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/17/EB frá 19. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 17).“
2. Eftirfarandi bætist við í 54zzzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006):

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 17.

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 0109**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 109/2008 frá 15. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 109/2008 og tilskipunar 2008/17/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.